



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 18. mars 2015

Áslandsskóli, skólahúsnæði, aðbúnaður og öryggi

Farið hefur verið yfir stöðu mála hvað varðar aðbúnað og öryggi nemenda og starfsmanna húsnæði Áslandsskóla m.t.t. væntanlegs fjölda nemenda.

Samanburð á stöðu húsnæðisins við þær kröfur sem gerðar eru í opinberum reglum má sjá samandregið í eftirfarandi töflu. Ítarlegri texti er síðan aftar í þessu minnisblaði.

Atriði	Kröfur um stærð skv. reglugerð/stöðlum	Raunstærð Áslandsskóli
Fjöldi nemenda í heimastofum	22-28 nemendur í a.m.k. 60 fm heimastofu, skv. reglugerð 657/2009	22 heimastofur meðaltal 64,8 fm.
Fjöldi nemenda í heimastofum	22-28 nemendur í a.m.k. 60 fm heimastofu, skv. reglugerð 657/2009	3 færanlegar stofur, hver 60 fm.
Fjöldi nemenda í heimastofum	22-28 nemendur í a.m.k. 60 fm heimastofu, skv. reglugerð 657/2009	1 stofa 66,12 fm , tölvuver
Fjöldi nem m.t.t. rúmáls/nem	Krafa 6,0 m ³ á nemenda í heimastofu í skólanum grein 6.9.3 byggingarreglugerð	Stofan ber 28 nemendur
Fjöldi nem m.t.t. rúmáls/nem	Krafa 6,0 m ³ á nemenda í færanl. stofunum-grein 6.9.3 byggingarreglugerð	Stofan ber 25 nemendur
Fjöldi nem m.t.t. rúmáls/nem	Krafa 6,0 m ³ á nemenda í tölvuveri ef þarf- grein 6.9.3 byggingarreglugerð	Stofan ber 28 nemendur
Brunaop í kennslustofum	9.5.5 gr. byggingarreglugerðar - björgunarop breidd 60 cm	2 flóttaleiðir + sprinkler uppfyllir kröfur og björgunarop eru stærri en 60 cm
Algild hönnun	6.1.2 gr. byggingarreglugerðar	Stenst kröfur um algilda hönnun
Umferðarleiðir innan byggingar	6.1.5 byggingarreglugerðar	Uppfyllir kröfur um umferðarleiðir
Inngangsdyr/útidyr/flóttaleiðir	6.4.2 gr. í byggingarreglugerð- lágmarksbreidd ganga og umferðarleiða, 9.1.1 gr byggingarreglugerðar - kröfur um brunavarnir, 9.5.2 byggingarreglugerð um flóttaleiðir, 9.5.7 gr. byggingarreglugerð - fólksfjöldi í byggingu og 9.5.8 gr. - gerð flóttaleiða	8 óháðar flóttaleiðir, björgunarop frá öllum skólastofum. Mestur fjöldi nemenda og kennara samkvæmt samþykktum teikningum er 666 manns og gestir 654 manns. Alls mega 1320 manns vera samtímis í skólanum.
Lofthæð og birtuskilyrði	6.8.2 gr byggingarreglugerðar, krafa 2,5 m	Lofthæð í stofum eru 2,6 m - 2,7 m. Færanlegar stofur 2,5 m að lágmarki.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins tekur út skólahúsnæði á hverju hausti og hafa verið gerðar óverulegar athugasemdir hvað varðar Áslandsskóla. Kallað var eftir sérstakri úttekt nú í byrjun mars. Þar komu fram ábendingar sem ekki hafa verið settar fram áður. Á þeim hefur verið ráðin bót eða sett fram áætlun um hvernig það verður gert. Eftir lagfæringar fór síðan fram ný úttekt og fylgir hún hér með. Sjá fylgiskjal I.

Heilbrigðiseftirlitið hefur einnig farið yfir skólann og gerir ekki athugasemdir varðandi aðbúnað eða öryggi. Sjá fylgiskjal II. Vinnueftirlitið mældi hljóðvist í færanlegum skólastofum í byrjun febrúar 2015 og gerði tvær athugasemdir sem verið er að leysa, önnur snýr að færanlegu stofunum.

Skólastjóri hefur leitað lausna varðandi skipulag varðandi fyrirkomulag kennslu næsta vetur, einkum um það sem snýr að 7. og 10. bekk. Sú hugmynd sem unnið er eftir fellst í því að áfram verða þrjár bekkjardeildir í báðum þessum árgöngum eins og verið hefur en 10. bekk verður skipt upp í fjóra námshópa.



HAFNARFJÖRÐUR

Hönnunargögn vegna Áslandsskóla voru unnin 1999 og samningur undirritaður 16. mars 2000.

Hluti af þessu var gerð húsrýmisáætlunar og einnig var skilgreindur búnaður í allar stofur svo að bjóðendur væru að bjóða í sambærilega „vöru“.

Heimastofur í skólanum eru 22 alls og húsgögn í heimastofum að meðaltali 26 skólaborð og stólar.

Heildarfjöldi skólaborða og stóla í heimastofum er samkvæmt samningi 572.

Í skipulagsskilmálum fyrir grunnskólann frá 1999 er gert ráð fyrir allt að 5 færanlegum skólastofum á lóð

Í útboðsgögnum einkaframkvæmdar á verksali að sjá til þess að hægt sé að koma fyrir 3 færanlegum

kennslustofum á lóð ef þurfa þykir. Í dag eru 3 færanlegar stofur á lóð Áslandsskóla og er hver a.m.k. 60 fm að stærð.

Þegar skólinn var boðinn út voru nokkrar sérgreinastofur, sem ekki var gert ráð fyrir í normum

menntamálaráðuneytis. Þar á meðal eru: Fyrirlestrarsalur – Tæknistofa – Sérkennslumiðstöð – Tölvuver

Þegar skólinn er byggður var í gildi reglugerð um skóla frá ráðuneyti m.a. um stærðarkröfur. Þar var gerð krafa um að hver nemandi hefði 10 m² af brúttóstærð skólans, þessi krafa er ekki lengur í reglugerð (þegar ríkið fór með málaflokkinn var krafan 8 m² á nemanda). Þá var gerð krafa um hámarksfjölda nemenda í heimastofur, miðað var við stærð heimastofa og er sú krafa er enn í gildi.

Skv. byggingarreglugerð 112/2012 skal flatar- og rúmmál hefðbundinna stofa í skólum, leikskólum og öðrum samsvarandi byggingum, þ.m.t. frístundaheimilum, vera í eðlilegu samræmi við fjölda nemenda/barna og starfsmanna. Um flatarmál skólastofa gilda ákvæði reglugerðar um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða. Þar er gert ráð fyrir 22-28 nemendum í a.m.k. 60 m² heimastofum (flatarmál salernis er inni í 60 m²). Rými fyrir hvern nemanda í hefðbundnum skólastofum skal minnst vera 6,0 m³ (Lh 2,70 = 2,3 m²/nema). *Miðað við 6,0 m³ á hvern nemanda bera Áslandsskóla heimastofurnar 28nemendur hver.*

Hér á eftir er nánar farið yfir atriði sem fram koma í einstökum greinum reglugerðar 112/2012. Númer greinar er tilgreint fyrst, *skáletrað*, , síðan kemur meginatriði sem þarf að skoða og loks, *skáletrað*, mat varðandi Áslandsskóla m.t.t. þessa.

6.1.1 gr. Tryggt skal fullt öryggi fólks og dýra innan bygginga og á lóðum þeirra. Byggingarnar og lóðir þeirra skulu vera vandaðar og hagkvæmar m.t.t. Öryggis fólks, heilbrigðis, endingar, aðgengis og afnota allra. *Húsnæðið var samþykkt á sínum tíma með þeim kröfum sem þá voru um bruna- og heilbrigðismál. Eina breytingin á byggingarreglugerð sem hér skiptir máli er að krafa um breidd á björgunaropum hefur aukist úr 55 cm í 60 cm. Skólinn uppfyllir þessar auknu kröfur og auk þess eru minnst tvær flóttaleiðir úr kennslustofum. – Ef breytingar verða á húsnæði eða notkun þess er það hlutverk heilbrigðisfulltrúa og slökkviliðs að koma með óskir um úrbætur. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisfulltrúi hafa skoðað húsnæðið m.t.t. væntanlegs nemendafjölda. Húsnæðið uppfyllir öll ákvæði reglugerða um öryggi og heilbrigðismál miðað við áætlaðan nemendafjölda.*

6.1.2. gr. Almenn um algilda hönnun. Með algildri hönnun skal tryggt að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun bygginga á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr byggingum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða. *Skólinn stenst kröfur um algilda hönnun.*

6.1.5. gr. Breyting á þegar byggðu mannvirki eða breytt notkun. Við breytta notkun þegar byggðra mannvirkja sem almennungur hefur aðgang að skal tryggja aðgengi í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Við breytingu á mannvirki sem byggt er í gildistíð eldri byggingarreglugerða skal eftir því sem unnt er byggja á sjónarmiðum algildrar hönnunar.

Umferðarleiðir innan bygginga eru í lagi og standast kröfur nýrrar byggingarreglugerðar.



HAFNARFJÖRÐUR

6.4.2. gr. Inngangsdýr/útidýr. Meginreglur: Eftirfarandi meginreglur gilda um anddyri og ganga: 1. Breidd ganga og annarra umferðarleiða skal vera fullnægjandi svo þeir anni þeirri umferð sem gert er ráð fyrir að verði innan byggingarinnar.

Þetta er í lagi fyrir núverandi og áætlaðan fjölda nemenda.

6.8.1. gr. Almennt. Öll rými innan bygginga sem falla undir þennan hluta reglugerðarinnar skulu henta fyrirhugaðri starfsemi í byggingunni og þau þannig gerð að uppfylltar séu allar kröfur um vinnuvernd, hollustuhætti og öryggi og séu hagkvæm í rekstri og viðhaldi.

Slökkvilið og heilbrigðisfulltrúi hafa staðfest að þetta sé í lagi miðað við áætlaðan nemendafjölda.

6.8.2. gr. Lofthæð og birtuskilyrði. Í atvinnuhúsnæði skal lofthæð vera a.m.k. 2,50 m að innanmáli frá fullfrágengnu gólfi að fullfrágengnu lofti nema fyrirhuguð starfsemi sé þess eðlis að þörf sé á meiri lofthæð. Leiðbeiningar sem farið er eftir (*Neufert og New Metric*) miða við 2,70 m sem er í lagi í skólanum.

6.9.3 gr. Skólar. Flatarmál og rúmmál hefðbundinna stofa í skólum, leikskólum og öðrum samsvarandi byggingum, þ.m.t. frístundaheimilum og sérkennslurýmum, skal vera í eðlilegu samræmi við fjölda nemenda/barna og starfsmanna. Almennt skal miðað við að leikrými fyrir hvert barn sé minnst 3,0 m² á leikskólum og öðrum sambærilegum stöðum þar sem börn eru vistuð. Rými fyrir hvern nemanda í hefðbundnum skólastofum skal minnst vera 6,0 m³. Um flatarmál skólastofa gilda ákvæði reglugerðar um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða. Ekki eru ákvæði um frístundaheimili. Viðmið Vinnueftirlits um 12,0 m³ á nemenda/starfsmann vegna lofgæða á við allan skólann, sem er um það bil 20.000 m³ að stærð, sú krafa er uppfyllt.

Fermetra- og rúmmetramál í skólastofum eru í lagi skv. reglugerðinni. Fermetrastærðir sérkennslurýma og frístundaheimilis eru samkvæmt viðmiðun húsrýmisáætlana sveitarfélagsins.

9.1.1. gr. Meginmarkmið. Við hönnun mannvirkja skal ávallt gert ráð fyrir að eldur geti komið upp og því skal tryggt: a. Að viðstaddir geti yfirgefið mannvirkið í eldsvoða eða bjargast eftir öðrum leiðum og að öryggi björgunarliðs sé fullnægjandi,

Brunavarnir eru í lagi.

9.5.2. gr. Flóttaleiðir. Frá hverju rými byggingar þar sem gera má ráð fyrir að fólk dveljist eða sé statt skulu vera fullnægjandi flóttaleiðir úr eldsvoða. Flóttaleiðir skulu vera einfaldar, auðrataðar og greiðfærar svo að fólk verði ekki innlyksa í skotum og endum ganga. Flóttaleiðir í byggingum skulu rúma þann fjölda fólks sem þarf að nota þær. Þær skulu útfærðar sem auðrataðir gangar, stigar og/eða flóttalyftur sem gera fólki örugglega fært að komast á öruggan stað úti undir beru lofti eða á öruggt svæði. Flóttaleiðir geta einnig verið gönguleiðir um opin rými bygginga sem krefjast út- og neyðarlýsingar.

Flóttaleiðir eru í lagi, tvær flóttaleiðir frá hverju rými.

9.5.5. gr. Björgunarop. Breidd björgunarops skal vera minnst 0,60 m og hæð minnst 0,60 m og skal samanlögð hæð og breidd gluggans ekki vera minni en 1,50 m. Hæð frá gólfi að björgunaropi má ekki vera meiri en 1,20 m.

Björgunarop eru stærri en krafa er gerð til.

9.5.7. gr. Fólksfjöldi. Meginreglur: Hönnun flóttaleiða í byggingum skal miðuð við mesta fjölda fólks sem ætla má að geti verið samtímis í rýminu. Taka skal tillit til þess hvernig dreifing fólks innan rýmis getur verið. Í anddyri eða forsal samkomusala mannvirkja í notkunarflokki 2 skal vera skilti á áberandi stað þar sem fram kemur hámarksfjöldi gesta og starfsmanna í viðkomandi húsnæði og eftir atvikum í hverjum sal fyrir sig. Hönnun skólans samkvæmt aðaluppdráttum gerir ráð fyrir 666 nemendum og starfsmönnum skólans og allt að 654 gestum í skólanum á sama tíma.

Uppfyllir kröfur úr frá þeim fjölda sem heimilt er að sé í skólanum.

9.5.8. gr. Gerð flóttaleiða. Samanlögð breidd allra flóttaleiða skal vera minnst 1,0 m fyrir hverja hundrað menn sem henni er ætlað að þjóna.

Krafan er uppfyllt.



HAFNARFJÖRÐUR

Í reglugerð 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða eru ákvæði um atriði sem taka þarf tillit til við hönnun nýs skólahúsnæðis. Þar skal taka mið af áætluðum hámarksfjölda nemenda í skólanum. Við skipulag einstakra vinnurýma skal m.a. taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum og sveigjanleika í kennslufyrirkomulagi svo sem hvað varðar samkenndu árganga. Hér á eftir er farið yfir atriði sem varða þetta. . Númer greinar er tilgreint fyrst, *skáletrað*, , síðan kemur meginatriði sem þarf að skoða og loks, *skáletrað*, mat varðandi Áslandsskóla m.t.t. þessa.

4. gr. Sérstaklega skal gæta þess að nægilegt rými sé fyrir hvern nemanda svo hann geti sinnt námi sínu. Þannig skal vinnurými að jafnaði vera a.m.k. 60 m² fyrir 22 - 28 nemendur (2,1-2,7m²/nema), 52 m² fyrir 18 - 21 nemanda, 44 m² fyrir 13 - 17 nemendur, 36 m² fyrir 12 nemendur og aldrei minni en 16 m².
Heimastofur Áslandsskóla eru 64,1 m² – 66,3 m² að stærð. Þær eru hannaðar fyrir 22-28 nemendur skv. reglugerð.

4. gr. Við hönnun nýs skólahúsnæðis skal taka mið af áætluðum hámarksfjölda nemenda í skólanum. Við skipulag einstakra vinnurýma skal m.a. taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum og sveigjanleika í kennslufyrirkomulagi svo sem hvað varðar samkenndu árganga.

Sérstaklega skal þess gætt að nægilegt rými sé fyrir hvern nemanda svo hann geti sinnt námi sínu þannig skal vinnurými að jafnaði vera a.m.k. 60 fermetrar fyrir 22 - 28 nemendur (2,1-2,7m²/nema), 52 fermetrar fyrir 18 - 21 nemanda, 44 fermetrar fyrir 13 - 17 nemendur, 36 fermetrar fyrir 12 nemendur og aldrei minni en 16 fermetrar.

Heimastofur Áslandsskóla eru 64,1 fm – 66,3 fm að stærð

Mat: Heimastofur Áslandsskóla eru hannaðar fyrir 22-28 nemendur skv. reglugerð.

5. gr. Lágmarksaðstaða varðandi vinnurými nemenda og starfsfólks, fyrir félagsstarf, fyrir nemendur til að neyta málsverða, til viðveru utan kennslustunda, vegna rými og búnaðs fyrir sérfræðipjónustu við nemendur, fyrir skólagaeslu, aðstaða og aðgengi fyrir fatlaða og aðstöðu á skólalóð. *Stærðir eru ekki skilgreindar hér en viðmið í samræmi við kröfur reglugerðar eru uppfyllt.*

7. gr. Öryggi og slysavarnir. Húsnæði, lóð, aðstaða, búnaður og öll starfsemi sem börn taka þátt í á vegum grunnskóla skal miðast við að öryggi nemenda sé tryggt.

Fjallað um þetta hér að ofan með hliðsjón af byggingarreglugerð.

Í Handbók um öryggi barna í grunnskólum er fjallað um öryggi námsumhverfis í fimmta kafla. Núverandi og áætlaður fjöldi nemenda í Áslandsskóla uppfyllir þær kröfur sem þar koma fram.

Varðandi skipulag kennslu skólaárið 2015 – 2016 hafa fyrst og fremst verðandi 7. og 10. bekkir verið til skoðunnar.

Núverandi hugmynd að lausn er að áfram verði þrjár bekkjardeildir í 7. bekk með þremur umsjónarkennurum og þremur kennslustofum. Það hafa verið hræringar í þessum árgangi fyrir á námsferlinu og því er það vilji skólans að halda stöðugleika þarna. Varðandi 10. bekk þá yrðu þar áfram þrjár bekkjardeildir með þremur umsjónarkennurum. Hópnum yrði hins vegar skipt upp í fjóra námshópa í kjarnagreinum og þannig skapast tækifæri til að hafa áskorun miðað við færni. Námshóparnir myndu nýta tvær heimastofur á UD gangi, síðan yrði hópur í 219 og annar í Snjallheimum. Allar þessar hugmyndir eru með þeim fyrirvara að verði miklar breytingar í verðandi árgöngum þá þurfi hugsanlega að endurskoða skipulagið.


Frístundaheimili á næsta skólaári myndi nýta rými 617 (núverandi aðalrými), samnýta stofu 219 með unglingadeild (eftir hádegismat) og auk þess sal og önnur rými. Þetta er staðfest af skólastjórnendum.

Þróun á íbúafjölda í Áslandi undanfarin ár er þannig að ekki er að fjölga íbúum á grunnskólaaldri þrátt fyrir að íbúum hafi fjölgað í hverfinu sbr. mynd sem sýnir íbúafjölda 2013 – 2015, byggt á nýjustu íbúatölum. (Ath. Munur á fjölda í árgangi og fjölda nemenda kemur til vegna barna búsettra í Áslandi sem eru í öðrum skólum en Áslandsskóla)



HAFNARFJÖRÐUR

Ásland - Þróun íbúafjölda - Sótt úr íbúasýn jan-apríl á hverju ári




Bekkur	Staðan	Áætlun					Áætlun					
	Haust 2014	2015-2016	2016-2017	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2022-2023	2023-2024	2024-2025
1.	59	55	55	51	59	42	42	42	42	42	42	42
2.	51	59	55	55	51	59	42	42	42	42	42	42
3.	62	51	59	55	55	51	59	42	42	42	42	42
4.	45	62	51	59	55	55	51	59	42	42	42	42
5.	58	45	62	51	59	55	55	51	59	42	42	42
6.	54	58	45	62	51	59	55	55	51	59	42	42
7.	46	54	58	45	62	51	59	55	55	51	59	42
8.	46	46	54	58	45	62	51	59	55	55	51	59
9.	57	46	46	54	58	45	62	51	59	55	55	51
10.	51	57	46	46	54	58	45	62	51	59	55	55
	529	533	531	536	549	537	521	518	498	489	472	459

Bekkjardeildir: 26 26 26 27 26 24 23 22 22 21 21



HAFNARFJÖRÐUR

Fylgiskjal I.



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Niðurstöður úr eldvarnaskoðun

Framkvæmd þann 16.3.2015

Fyrirtæki

FM-hús ehf

Áslandsskóli

Kríuás 1, 221 Hafnarfjörður

Tilvísun slökkviliðs

Mál nr. 15-1017

Skoðun nr. 50693

Skoðunarmaður: Örvar Aðalsteinsson



HAFNARFJÖRÐUR

Brunahólfun

Færanlegar kennslustofur

Sambrunahætta

Athugasemdir: EICS30 hurðir og brunaþolið gler milli skólastofa eru ekki með réttum gúmmílistum.

Íkveikjuhætta / brunaálag

Kjallaragangur tæknirými

Brennanlegur varningur

Athugasemdir: Ekki má geyma brennanlegan varning í tæknirýmum



HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og
Kópavogssvæðis

Garðatorg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigðiseftirlit.is • hkh@heilbrigðiseftirlit.is

Áslandsskóli
Leifur Garðarsson
Kríuási 1
221 Hafnarfjörður

Garðabær, 16.mars 2015
03.20 SHH/shh

Eftirlitsskýrsla.

Farið var í úttekt vegna endurnýjunar á starfsleyfi þann 12. mars s.l. í Áslandsskóla, Hafnarfirði. Á staðnum var Leifur Garðarsson skólastjóri Áslandsskóla og Sigrún Hrönn Halldórsdóttir frá Heilbrigðiseftirlitinu. Úttektin tók mið af samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Almenn ákvæði og gildissvið

Um er að ræða almennan grunnskóla með fullbúna eldhúsi og mótuneyti. Nemendafjöldi skólans er samkvæmt gögnum á milli 500 og 550 nemendur í dag.

Húsnæði og búnaður

Húsnæðinu er vel viðhaldið og er snyrtilegt. Læstar og loftræstar ræstiastöður eru til staðar í skólanum. Í skólastofum eru handlaugar til staðar og einnota handþurrkur. Sbr. 4.gr. reglugerðar 657/2009 um lágmarksaðstöðu nemenda rúmar skólinn 700 nemendur skv. teikningum frá 22.05.2000 og er ekkert sem bendir til þrængsla fyrir nemendur sem skerðir hollustuhætti. Í skólanum er sérstök aðstaða til þess að matast og aðstaða til aðhlyningar nemenda vegna skyndiveikinda.

Hreinlæti og þrif

Skrifleg hreinlætisáætlun skal vera til staðar sem felst í *verklýsingu* á hverju vinnusvæði þar sem fram kemur hversu oft á að þrifa og hvaða efni á að nota. Á hreinlætisáætlun skólans þarf að bæta verklýsingu þar sem fram kemur hvaða verkefni liggja fyrir í hverju rými fyrir sig. Eftirlit og viðhald er með loftræstikerfi skólans. Vakin er athygli á því að nú er gerð krafa um að skráningar séu til staðar um viðhald og þjónustu við kerfið, eins konar viðhaldshandbók.

Matvæli

Úrbætur höfðu farið fram í eldhúsi skólans frá síðasta reglubundna eftirliti, sjá eftirlitsskýrslu frá 7. nóvember 2014. Nú er innra eftirlit varðandi matvæli virkt að fullu og skráð. Það er þrífætt og felst í þrifaáætlun og -skráningu, hitastigsskráningu kæla og að lokum gæðaeftirliti með vörumóttöku.

Efnavara hafði verið fjarlægð úr matvælageymslu og fundinn nýr geymslustaður.

Athugasemd var ítrekuð um vanþrifið gólf í matvælageymslu en til stendur að bæta úr því hið fyrsta skv. skólastjóra og koma boðum til þrifaferktaka.

Öryggi og slysavarnir

Engin frávik eru frá lið 6 um öryggi og slysavarnir í starfsleyfisskilyrðum grunnskóla. Atvika og óhappaskráning er virk.





HAFNARFJÖRÐUR

Lóð, leikvallatæki og leiksvæði

Um leikvallatæki og leiksvæði gildir reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Sbr. 12 gr. skal eftirlitið framkvæmt skv. *gátlista* og frávik og úrbætur *skráðar*. Sbr. viðauka III í reglugerðinni er innra eftirlitið þrjúþætt og felst í daglegri yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og að lokum árlegri aðalskoðun.

Tilgangur daglegrar yfirlitsskoðunar er að greina hættur sem geta meðal annars stafað af hættulegu rusli og aðskotahlutum, útistandandi nöglum og skrúfum úr leiktækjum og vegna skemmdra eða bilaðra leiktækja. Í þessu felst einnig að raka til möl og sandi undir leiktækjum, sérstaklega rólum og rennibrautum, sem og sópa lausu efni af stéttum eftir þörfum. Sjá nánar í viðauka III í reglugerð 942/2002. Rekstrarskoðun felst í viðhaldi og viðgerðum og skal framkvæmd á 1-3 mánaða fresti eftir notkun og álagi. Sjá skal til þess að árleg aðalskoðun á leiklóðinni fari fram og að úrbætur séu framkvæmdar.

Fyrirliggur skrifleg staðfesting um að aðalskoðun 2014 hafi farið fram. Munnlegar upplýsingar eru um að dagleg yfirlitsskoðun og rekstrarskoðun séu starfræktar sem skildi. Nauðsynlegt er að bókfæra þetta innra eftirlit.

Umhverfismál.

Engin frávik eru frá lið 8 um umhverfismál í starfsleyfisskilyrðum grunnskóla.

Skólinn er hvattur til þess að nota umhverfisvæn efni í allri sinni starfsemi. Einnig er skal leitast við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.

Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar skriflega fyrir 26.mars n.k. til Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis að Garðatorgi 5, 210 Garðabæ. Ráðgert er að taka umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir á fundi heilbrigðisnefndar þann 30.mars n.k.

Virðingarfyllt

f.h. heilbrigðiseftirlits,

Sigrún Hrönn Halldórsd.

Sigrún Hrönn Halldórsdóttir
heilbrigðisfulltrúi.

Viðhengt: Starfsleyfisskilyrði fyrir grunnskóla sbr. lög 7/1998 um höllustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.



STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR GRUNNSKÓLA

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1 ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir grunnskóla.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina. Starfsleyfi grunnskóla tekur til húsnæðis og lóðar.
- 1.3 Þess skal gætt við staðsetningu grunnskóla að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.
- 1.4 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.5 Innra eftirlit skal vera í samræmi við 11.gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.
- 1.6 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

2 HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

- 2.1 Húsnæði skal vera vel við haldið og aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Hljómburður skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að ekki verði truflun af ólíkri starfsemi innan skólans.
- 2.4 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.
- 2.5 Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera ræstilaug og nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.6 Í skólastofum grunnskóla skal vera handlaug. Einnota handþurrkur skulu vera við handlaugar séu þær nýttar til handþvotta.
- 2.7 Gólfhlötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og 3,3 m² fyrir hreyfihamlaða og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu. Ruslafata með loki skal



HAFNARFJÖRÐUR

vera í hverjum salernisklefa. Einnota þurrkur og fjótandi handsápa skal vera við handlaugar á salernum.

- 2.8 Lágmarksaðstaða nemenda skal vera í samræmi við í reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða.
- 2.9 Sérstök aðstaða skal vera fyrir nemendur til að matast.
- 2.10 Í skólum skal vera aðstaða til aðhlyningar nemenda vegna skyndiveikinda. Skal þar vera að lágmarki legubekkur, stóll og handlaug.
- 2.11 Farið skal að 4.gr. reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða hvað varðar fjölda nemenda í kennslustofu.

3 HÁVAÐI

- 3.1 Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4 HREINLÆTI OG ÞRIF

- 4.1 Í grunnskólum skal vera skrifleg hreinlætisáætlun og verklýsing á hverju vinnusvæði, þar sem fram kemur hversu oft á að þrifa og hvaða efni á að nota til þrifa.
- 4.2 Allsherjarhreingerning skal gerð á öllu húsnæðinu a.m.k. einu sinni á ári.
- 4.3 Gólfefni og annar frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 4.4 Loftræstikerfi skal halda við og hreinsa reglulega. Skráningar skulu vera til staðar um viðhald og þjónustu við kerfið.
- 4.5 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnæði eða á lóð.
- 4.6 Reykingar eru bannaðar í grunnskólum, bæði í húsnæði og á lóð.

5 MATVÆLI

- 5.1 Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

6 ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

- 6.1 Starfsreglur og búnað skal miða við að auka öryggi og koma í veg fyrir slys. Fara skal eftir viðeigandi ÍST-EN stöðlum um öryggi og slysavarnir.
- 6.2 Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að reglulegt innra eftirlit sé haft með leikvallatækjum, leiksvæðum og búnaði.
- 6.3 Blöndunartæki við handlaugar skulu vera hitastýrð. Vatnshiti við töppunarstað skal ekki fara yfir 43°C í skólum.
- 6.4 Skólastjóri skal skrá slys og óhöpp sem verða í skólanum á þar til gerð eyðublöð.





7 LÓÐ, LEIKVALLATÆKI OG LEIKSVÆÐI

- 7.1 Um leikvallatæki og leiksvæði gildir reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.
- 7.2 Leiksvæði skal vera vel framræst og þess gætt að vatn safnist ekki fyrir á lóðinni þannig að stafi hætta af.
- 7.3 Skólalóðir skulu afgirtar að hluta til að öllu leyti ef að slyshætta stafar af umhverfi. Frágangur lóða skal vera þannig að börnum stafi ekki hætta af.
- 7.4 Lýsing á lóð skal vera góð.

8 UMHVERFISMÁL

- 8.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 8.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 8.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 8.4 Leitast skal við að nota umhverfismerkt efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 8.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 breytt með reglugerð nr. [169/2002](#), reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

85200 Fræðslustarfsemi á grunnskólastigi

